

Verkefni með

KAERA, DAGBÓK



Verkefni og ábendingar – Efnisyfirlit

Til kennarans	3
2. Litla systir	4
3. Snati	11
4. Tónleikar í Hörpu	17
5. Í skólanum	23
6. Amma og afi	31
7. Eldgos	38
8. Afmæli afa	44
9. Hvar er myndavélin?	51
10. Eyjaferð	57
11. Gleðilega hátíð	63
12. Lönd og álfur	70
13. Pabbi á spítala	76
14. Stjörnuskoðun	83
15. Rauði krossinn	89
16. Kveðjuboð	96

Til kennarans

Í *Kæra dagbók 3* hafa aðstæður fjölskyldunnar sem nemendur kynntust í tveimur fyrri bókum, *Kæra dagbók* og *Kæra dagbók 2*, breyst nokkuð. Nú eru Sonja og Símon búin að eignast litla systur og hundurinn Snati er kominn á heimilið. Af þeirra systkinanna og amma dvelja nú oftast hjá fjölskyldunni þar sem þau eru komin á eftirlaun. Fjölskyldan dvelur enn þá í Reykjavík en fer stundum í stuttar ferðir sér til gagns og gamans víðs vegar um Ísland. Verkefni hér í ítarefninu eru sem fyrr í pdf-formi og óaðskiljanlegur hluti námsefnisins. Auk yfirlitssíðu er að jafnaði um að ræða sex verkefnablöð með hverjum bókarkafli. Gott er að prenta strax allt ítarefnið og setja í sérstaka möppu en fjölfalda síðan eftir þörfum.

Markmið og áherslupættir

Aukinn orðaforði og skilningur á mæltu og rituðu íslensku máli eru sem fyrr mikilvægustu markmiðin. Leikni í að tjá sig og beita málinu munnlega og skriflega er lykilatriði. Mikilvægt er að kennarar æfi samtöl í tengslum við efni hvers kafla til þess að festa og styrkja nylærðan orðaforða.

Pdf-verkefni og gagnvirkt efni

Eins og í fyrri bókum er ætlast til að verkefnablöðin séu unnin samhliða kennslu hvers kafla. Glósulað er fremst. Þar geta nemendur ritað orð sem þeir skilja ekki og e.t.v. flett þeim upp í orðabókum á sínu móðurmáli. Önnur verkefni eru áþekk þeim sem fylgdu fyrri bókum þótt nú sé unnið með annan orðaforða. Bókarlausu verkefni sem fylgdu fyrstu bókinni *Kæra dagbók* má e.t.v. nota, t.d. þar sem einn nemandi með annað móðurmál en íslensku er hluti bekkjarheildarinnar. Með þátttöku í leikjunum kynnist nýi nemandinn bekkjarsystkinum fyrr og þau honum.

Vefir sem er vísað á er að finna á vefsíðu Námsgagnastofnunar nema annað sé nefnt. Ekki er bent sérstaklega á vefi eins og *Lestur og stafsetning*, *Sögur frá Íslandi*, *Orðaleiki*, *Lesum og skoöum orð*, *Myndaorðabókina* og *Málið þitt* sem allir nýtast nemendahópnum þótt þeir tengist ekki beint sérstökum köflum.

Annað námsefni

Hér er vísað til námsefnis sem getur nýst sem viðbótarnámsefni í tengslum við tiltekna kafla, einkum í flokkinn *Málfræðibókin mín* 1, 2 og 3. Ekki er um tæmandi lista að ræða og ýmislegt efni á boðstólum sem á við efnið í heild og nota má á fjölbreyttan hátt til að kenna bæði orðaforða og framburð og auka máltilfinningu nemenda. Má þar nefna efnið *Íslenska nýja málið mitt* 1 og 2 sem til er í mörgum skólum, flokkinn *Lærum gott mál*, myndefni eins og *Orðasjóð*, *Sagnorðaspilið*, *Fallorðaspilið* og *Íslenska málhljóðakassann*, *auðlesnar sögubækur* og *Smábókaflokk Námsgagnastofnunar*.

Kennsluhugmyndir

Hér eru ábendingar til kennara um hvernig vinna má með efni kaflans á fjölbreyttan hátt. Árangursrík kennsla byggist ekki hvað síst á því að kennari leitist við að nýta allar skynleiðir nemandans sem glímur við að læra nýtt tungumál. Fjölbreytni í kennsluháttum og margvísleg námsgögn gegna þar lykilhlutverki þar sem myndrænt og hljóðrænt efni styður við tileinkun hins nýja orðaforða.

Tákn

Eins og í fyrri bókinni eru notuð sérstök tákn sem kynna þarf fyrir nemandanum áður en hann leysir verkefni.



Verkefnið er leyst með því að skrifa svarið.



Krossað við rétt svar.



Atriði sem á að skoða sérstaklega.



Atriði er tengjast beygingum orða og gott er leggja á minnið.



Æfingar þar sem tveir nemendur lesa upphátt til skiptis.



Orð sem nemandi getur flett upp í orðabók eða leitað upplýsinga á netinu.